

## Íslensk veiðivötn og mengun

Ýmis mannanna verk snerta veiðivötn og hafa þannig áhrif á umhverfi fisks. Þar má nefna virkjun vatna til raforkuframleiðslu, vegalagningu, brúarsmíð og mengun. Í Frey hefur áður verið fjallað um tvö fyrrgreind atriði, en nú er ætlunin að gera mengun í tengslum við veiðivötn að umtalsefni.

Oft heyrst sagt, að íslensku veiðivötnin séu með hreint og gott vatn á sama tíma og mengun veldur miklum vandræðum og usla í vatnafiski erlendis. Eru íslensku veiðivötnin laus við allt sem heitir mengun? Hafa þau sérstöðu í þessu efni? Hér skal reynt að leita svara við þessum spurningum.

Það er auðvitað flestum ljóst að helstu mengunarvaldar eru í tengslum við fjölmenna og þetta byggð og iðnaðarrektur, stóran og smáan. Af þeirri ástæðu má gefa sér það, að hér á landi séu ekki fyrir hendi að nokkru marki þau skilyrði sem skapa mestan vanda erlendis. Þá tryggir mikil fjarlægð landsins frá helstu iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu, að ekki berist hingað að ráði loftmengun sem hrjád hefur t. d. vötn í Suður-Noregi og valdið fiskdauða þar í landi.

Hvar skyldi þá skórin kreppa að í þessu efni hér á landi, ef um slíkt er að ræða? Til að glöggva sig á því er rétt að athuga hvar þétt byggð er við veiðivötn hér á landi og hvar eru verksmiðjur, sem kunna að valda mengun?

Það er eðlilegt að benda fyrst á frárennsli frá mannabústöðum, þar á meðal sumarbústaðahverfum og þar sem búskapur er stundaður, sem fellur í straumvötn eða stöðuvatn. Hér koma einnig við sögu fiskeldisstöðvar, sem fjölgar ört þessi árin, en margar þeirra eiga frárennsli í veiðivötn. Þá má nefna gróðurhús, sláturhús og bilaverkstæði.

### Þéttbýlið yfirleitt við sjóinn.

Við lauslega yfirferð um landið kemur í ljós, að á tiltölulega fáum stöðum er þétt byggð við veiðivötn. Reyndar er enginn meiri-háttar kaupstaður við þau ef undan er skilin höfuðborgin okkar. Nær allir kaupstaðir landsins eru við sjó. Hins vegar er þétt byggð á nokkrum stöðum. Á Vesturlandi er öll þétt byggð við sjó nema Mosfellssveit (Leirvogsa), og Borgarnes (ósasvæði Hvitár). Á Vestfjörðum er sömu sögu að segja. Á Norðurlandi er það Blönduós (Blanda), Hofsós (Unadalsá) og Ólafsfjörður, sem er við ósasvæði samnefnds vatns, sem sker sig úr í þessu efni. Ella eru allir þéttbýlisstaðir eingöngu við sjó.

Á Austurlandi eru það helst Egilsstaðir (Lagarfljót) og Höfn í

Hornafirði (Hornafjarðarfljót). Á Suðurlandi: Hveragerði (Varmá), Selfoskaupstaður (Ólfusá), Laugarvatn, Hella (Ytri-Rangá), Hvolsvöllur (Þverá), Kirkjubæjarklaustur (Skaftá).

Þá er næst að skoða ástandið, er snertir verksmiðju- eða annan iðnaðarrektur, sem leiðir af sér mengun, en þá er ekki tekinn með sá atvinnurektur, sem er fyrir hendi á áður nefndum þéttbýlisstöðum.

Á Vesturlandi eru fjögur stór iðnaðarver: Álverið, Aburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan og Járnblendiverksmiðjan, sem flest snerta hugsanlega loftmengun gagnvart veiðivötnum.

Auk þess má nefna, eins og áður, fyrirtæki sem nota ýmis efni, m. a. oliur sem alls ekki mega fara í ár og vötn. Hið sama og greint



Reykjafoss í Varmá hjá Hverageri. (Ljós. Einar Hannesson, 1983).

var frá áður um minniháttar fyrir-  
tæki, má segja um Vestfirði og  
Norðurland og reyndar einnig  
Austurland. Auk þess má minna  
sérstaklega gagnvart Mývatni, á  
Kisilíðjuna og hina þétta byggð í  
Reykjahlið.

#### Vatnalögin 1923.

Allt, sem hér hefur verið upp  
talið, veldur mengun, mismikilli.  
Þess vegna verða menn að gæta  
sín til þess að valda ekki meiri  
óhreinun vatns en óhjákvæmi-  
legt er. Til þess að stuðla að þessu  
hafa verið sett í lög ýmis ákvæði.  
Þar má minna á hin merku vatna-  
lög frá 1923. Þau greina frá því,  
hvernig standa skuli að þessum  
verndunarmálum hvað vatn  
varðar.

Síðar hafa komið til sögunnar,  
eftir því sem reynslan hefur leitt í  
ljós, ný ákvæði til að tryggja  
sómasamlega stöðu þessara  
frárennismála, ekki síst frá sjón-  
armiði heilbrigðis.

Það er með mengun, eins og  
ýmislegt annað, að menn verða  
ekki varir við vandræði eða tjón af  
völdum hennar fyrr en skaðinn er  
skeður. Þess vegna er forvarnar-  
starf nauðsynlegt í þessu sam-  
bandi. Þá er og á það að líta, að  
ekki er vist að menn verði varir  
við þó að óþverri fari í vötn.  
Auðvelt er að fela verknaðinn, þó  
að afleiðingarnar segi til sín síðar.  
Þess vegna er nauðsynlegt að  
ganga þannig frá hnútum, að ekki  
sé boðið upp á slíkt.

#### Eiturefni í búskap.

Nefna mátti til athugunar örfá  
dæmi um hættu, sem veiðivötnum  
getur stafað af búskap, og sem ber  
að varast. Í fyrsta lagi, að badvatn  
eftir sauðfjárbaðanir og aðrar  
baðanir dýra sé ekki látið renna í  
á. Þá má minna á skolon á áburð-  
ardreifara. Slíkt á ekki að gera þar  
sem hættu getur stafað af henni  
fyrir vatnafiska. Að lokum má  
benda á að ekki má láta frárennsli



Híð tæra og hreina vatn streymir fram. Myndin er tekin í Nápárdal í Eyjahreppi í  
Hnappadalssýslu. (Ljóm. Einar Hannesson).

úr thotheysturni fara í veiðivatn,  
því að þar er um eiturefni að ræða,  
eins og í fyrrgreindum dæmum.

#### Öfremdarástand við Varmá í Ölfusi.

Þessar athuganir okkar á sviði  
mengunar leiða í ljós, að á nokkr-  
um stöðum á landinu er ástæða er  
til að ætla að hættuástand gæti  
skapast fyrir veiðivötn, ef ekki er  
aðgát höfð. Þá er vitað um einn  
stað þar sem öfremdarástand ríkir  
í þessum efnunum. Það er Hvera-  
gerði en þar fer frárennsli staðar-  
ins beint í Varmá.

Auk þess er við Varmá stöðug  
hætta á, að hitamengun valdi tjóni  
á fiski. Þar er fengin reynsla af því  
að heit gufa, án nauðsynlegrar  
kælingar, fór í ána og olli tjóni á  
fiski. Þessi hættu á hitamengun er  
viðar fyrir hendi hér á landi en við  
Varmá.

Niðurstæða hugleiðinga þessara  
verður því þessi: Við Íslendingar  
höfum ekki enn kynnst mengun  
að neinu marki samanborið við  
aðrar þjóðir. Erum við líklega  
nokkuð vel settir með veiðivötn  
okkar hvað mengun varðar. Þessu  
veldur fyrst og fremst fámenni

þjóðarinnar, eins og fyrr var sagt,  
og hinar náttúrulegu aðstæður hér  
á landi.

#### Þörf varðstöðu.

Á hinn bóginn er fyllsta ástæða til  
þess að fylgjast vel með til að  
koma í veg fyrir að mengun vaxi í  
veiðivötnum. Kippa þarf í lag því,  
sem fer aflaga. Gæta þarf þess að  
óheillaspor verði ekki stigin í  
þessu efni. Ætla má að í framtíð-  
inni muni hætta á aukinni meng-  
un veiðivatna vaxa vegna aukinna  
umsvifa fyrirtækja, sem mengun  
fylgir. Þess vegna er þörf dugmik-  
illar varðstöðu í þessum efnunum.

Að síðustu skal vikið að meng-  
un af völdum náttúruhamfara,  
sem engin mannlegur máttur fær  
ráðið við. Í því efni má minna á  
Heklugos og hlaup, sem koma í  
jökulárnar á Suðurlandi vegna  
hita undir jökli. Nýjasta dæmi af  
þessu tagi er þegar skriðjökull  
hljóp í Hagavatn 1980 og olli tvi-  
mælalaust tjóni á fiskstofni Hvítár  
og Ölfusár, sem voru mengaðar af  
leirframburði allt sumarið.

Helsta heimild: Veiðimálastofnun.